

Aðalfundur Félags Fornleifafræðinga 2019

Setning fundar

Fundarhöld hafin 8.11.2019 klukkan 18:05.

Hulda kynnti dagskrá fundar og erindi Ragnars. Ómar var kosinn sem fundaritari og Hermann kosinn sem fundarstjóri.

Hermann og Ómar báðir samþykktir. Fundarstjóri boðinn velkominn.

Nýir félagar samþykktir

Hermann kynnir nýja meðlimi félagsins.

Aðalfélagar

Atli Rúnarsson, Indriði Skarphéðinsson

Aukaaðild að félaginu:

Ásta Rakel Viðarsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Jakob Kristján Þrastarson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Sólbjörg Jóna Sigurpálsdóttir, Þóra Kristín Briem, Þóra Margrét Hallgrímsdóttir

Enginn á móti.

Skýrsla liðins árs

Fundastjóri kynnti næsta lið og bauð formann félagsins velkominn á svið, Huldu, sem fór yfir helstu viðburði síðasta árs:

Hulda: Fyrirlestraröðin „Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði“ var haldin á árinu í sal Þjóðminjasafnsins. Alls voru 15 erindi flutt og var mæting almennt góð.

Hulda: Þann 12. apríl var haldinn aukaaðalfundur og vorfagnaður hér á Hallveigarstöðum. Hingað kom Kevin Martin og flutti fyrirlestur um rannsóknir sínar á hollensku kaupskipsflaki sem nefnist Mjaltastúlkan. Gestir fengu að prófa sýndarveruleika sem Kevin og hans samstarfsmenn hafa þróað og fengu þannig að kafa umhverfis skipsflakið, en skipið strandaði við Flatey á Breiðafirði á miðri 17. öld.

Hulda: Í haust, þann 4. október var slegið saman haustfagnaði félagsins við vísindaferð nemendafélagsins Kumls á Fredriksen. Mæting var mjög góð og virtust allir skemmta sér vel.

Markmið var að kynna félagið og starfsemi þess fyrir nýnemum. Nemar fjölmenntu og skráðu sig í félagið.

Hulda: Því miður er hefti sex af ritröð Ólafíu ekki að fara að koma út á árinu en stefnt er að því að ljúka greinaskrifum í nóvember og gefa út heftið á nýju ári.

Þegar hefti sex verður útgefið verður unnið að því að koma hefti númer sjö út.

Hulda: Fyrirlestrar röðin hefst í janúar og verður kallað bráðlega eftir erindum.

Árlegt málþing í minningu Kristjáns Eldjárn verður haldið 6. desember á þessu ári. Að þessu sinni er þema málþingsins „hin húsinn“ og er með því átt við önnur hús en íveruhús. Sem dæmi má nefna útihús, náðhús eða eldhús. Flutt verða eftirfarandi fimm erindi, sjá lista.

Endurskoðaðir reikningar félagsins

Gjaldkeri Félagsins Jakob Orri Jónsson, fór yfir reikninga félagsins. Þar sem þetta uppgjör var gert 30. september vantar inn á þetta ýmsa hluti. Endurskoðendur voru búnir að fara yfir reikningana og samþykkja þá.

Jakob fór yfir sundurliðun reikninga.

Rekstrartekjur	
Innvextir	262
Innheimt félagsgjöld fyrir 2018 eftir uppgjör	21.000
Innheimt félagsgjöld 2019	320.000
Samtals	341.262
Rekstrargjöld	
Fjármagnstekjuskattur	58
Innheimtu- og þjónustugjöld	1.878
Aðalfundur 2018	87.219
Aukaaðalfundur 2019	127.952
Plaggataprentun f/fyrirlestraröð	6.500
Gjöld vegna skjalavörslu	14.456
Gjöld vegna vefsíðu	5.980
Millifærsla v/Ólafíu	15.000
Samtals	259.043
Afkoma ársins	82.219
Inneign í upphafi tímabils	274.054
Lokastaða	356.273

Dropbox er aukagjald sem finna má á reikningum. Ólafía er hreinn mínus út af það var ekki fært yfir fyrr en á þessu ári, lítur út eins og mínus út af mistökum en er í raun ekki mínus. Lokaniðurstaða er smá villandi, vantar leigu fyrir salnum. Öll gjöld þessa fundar koma ekki fyrr en á næsta ári.

Jakob fór yfir fjármál Ólafíu. Ekkert óeðlilegt hér, allt eins og sést á glæru.

Rekstrartekjur	
Innvextir	104
Sala Ólafíu	15.000
Samtals	15.104
Rekstrargjöld	
Fjármagnstekjuskattur	23
Samtals	23
Afkoma ársins	15.081
Inneign í upphafi tímabils	72.805
Lokastaða	87.886

Kosning stjórnar

Jakob kynnrir fundarstjóra aftur til leiks. Enginn er með athugasemd við skýrslu Jakobs.

Kosið verður um **Varaformann, gjaldkera, meðstjórnanda** og einn **varamann**.

Byrjað var á að kjósa um **varaformann, Ásta** gaf ekki kost á sér áfram og borist hafa tvö framboð: **Gylfi** og **Ármann**. *Pegar kosið er um tvo einstaklinga fer fram leynileg kosning. Enginn annar bauð sig fram í það embætti á fundi. Fundargestir voru látnir skrifa atkvæði sitt á miða og þeir svo taldir.* Eftir kosningu lágu úrslit fyrir og **Ármann vann með 10 atkvæðum á móti 6. Ármann er því kosinn nýr varaformaður.**

Næst var kosið um **gjaldkera, Jakob** er gjaldkeri og **bíður sig fram áfram, enginn annar bauð sig fram** á fundi. **Jakob kosinn gjaldkeri.**

Næst var kosið um **meðstjórnanda, Ármann** var **meðstjórnandi** en er nú **varaformaður** svo beðið var um framboð. **Atli Rúnarsson**, bauð sig fram á fundi og var **kosinn meðstjórnandi**.

Næst er kosið um **varamann, Hrönn** var varamaður og **gefur ekki kost á sér áfram. Inga Sóley** bauð sig fram á fundi og var **kosin varamaður. Einhver misskilningur var um þetta mál og þurfti að leysa það eftir fund.**

Kosning nefnda

Kosning **siðanefndar, Angelos** bíður sig ekki fram áfram en **Howell** er tilbúinn að halda áfram. Leitast var eftir einu framboði í siðanefnd í stað Angelos, spurt var salinn hvort einhver bjóði sig fram. Jakob kynnti stuttlega starf siðanefndar en ekkert framboð barst á fundinum.

Kosið var um að **Howell haldi áfram**, enginn er á móti. **Ekkert framboð barst í stöðu Angelos svo sú kosning verður færð á auka-aðalfund.**

Ákveðið var að **kjósa einnig um embætti Ingibjargar**, hún er aðili utan félagsins í siðanefnd, frekar en að geyma það til auka-aðalfundar. Hún var **tilbúin að sitja áfram** og enginn bauð sig fram á móti. **Enginn var á móti því að Ingibjörg sitji áfram.**

Kosið var einnig um **endurskoðendur**, **Albína er til í að sitja áfram** en **Elín vill losna**. Kosið var um **Albínu og enginn var á móti**. **Ekkert framboð barst í stöðu Elínar** svo sú kosning verður **færð á auka-aðalfund.**

Ákvörðun félagsgjalda

Engin mótmæli voru gegn núverandi félagsgjöldum.

Tillögur að lagabreytingum

Engar tillögur hafa borist og engin athugasemd var sett við það.

Önnur mál

Hildur og Jakob kynna niðurstöður könnunar verkþóps um fornminjasjóð.

Á síðasta aðalfundi var kosið í nefnd fyrir fornminjasjóð. Jakob, Hildur og Ragnheiður voru kosin í þá nefnd. Þau hafa fundað nokkru sinnum og hafa rætt hvernig er best að tækla markmið nefndarinnar, fjármagn, hlutverk og ferlið í heild sinni. Hafa ekki bara rætt þetta sín á milli og heldur við aðra í kring. Enduðu á því að setja fram könnun með almennum spurningum um fornminjasjóð. 37 svöruðu könnuninni. Þælingin var að þreifa fyrir skoðunum fólks á sjóðnum og sjá hvar fólk er sammála og hvar ekki. Fyrsta tilraun og sumt sem mátti fara betur. Hluti af næsta skrefi er úttekt minjastofnunar á sjóðnum og ætlar nefndin að vera í samvinnu við Sólrúnu Ingu við það.

Hildur og Jakob fóru yfir helstu niðurstöður könnunar:

Er sjóðurinn of lítill: já, þarf að gera eitthvað meira til að fá hann bættan.

Ætti að vera styrkt í fleiri en eitt ár: flestir eru á móti því að þurfi að sækja um á hverju ári.

Gegnsæjar úthlutunarreglur: fólk er á mis.

Ætti nefndin að vera skipuð af fornleifafræðingum: flestir voru sammála því.

Umsóknir á ensku í lagi: flestir eru ekki á móti því, en sumir eru það þó. Hentar vel til þess að fá faglegt álit.

Ætti sjóðurinn að vera aðeins rannsóknasjóður: Mjög skiptar skoðanir. Þarf að skoða hvernig fólk er að svara, nefndin ætlar að skoða þessa hluti betur.

Sumar spurningar voru rangt orðar, og nefndin ætlar að bæta úr því fyrir næsta kafla. Tekið nokkur dæmi.

Nefndin biður um skoðanir á þessum málum og vilja fá að heyra frá öðrum. Í nefnd eru aðeins 3, Hildur lagði til að bætt væri fleirum í nefndina og spyr salinn hvort einhver vilji vera með í nefndinni. Stefán er tilbúinn vera með og ætlar nefndin að halda áfram að leita af öðrum meðlim.

Hildur spurði um spurningar í sal: Kristborg spurði hvað framhaldið er. Framhaldið er að skoða hvað fólk finnst almennt og ræða svo við minjastofnun. Sólrún bætti við að úttekt minjastofnunar næst ekki fyrir næstu úthlutun.

Hugmyndin var að nefndin myndi gera greinargerð eða jafnvel aðra könnun um einstaka liði. Það er vilji hjá minjastofnun að stækka sjóðinn en hún ræður því ekki endilega. Minjastofnun var frumkvöðull af úttektinni. Byrjað er á húsafriðunarsjóð þar sem hann er einfaldari. Næsta skref er þá að fara í gegnum öll þessi gögn og finna leið til að miðla þess til okkar. Haldinn verður svo fundur til að ákveða hvað skal gera næst. Ekkert gert án samþykki félagsmanna.

Engin önnur mál.

Slit fundar

Hermann sleit fundi 19:00. Við tóku drykkir, matur og fyrirlestur Ragnars Edvardssonar.

Annað

Eftir að fundi var slitið kom í ljós misskilningur varðandi framboð Hrannar Konráðsdóttur en á fundi kom fram að hún ætlaði að hætta í stjórn. Hins vegar hafði hún boðið sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Kallað var eftir framboðum úr sal og var Inga Sóley Kristjónudóttir kosin varamaður. Stjórnin fjallaði um málið ásamt þeim Hrönn og Ingu. Niðurstaðan er sú að Hrönn hefur ákveðið að hætta í stjórn en mun þó halda áfram að aðstoða okkur með fyrirlestrarröðina sem hún hefur séð um. Við biðjum þær báðar sem og félagsmenn afsökunar

á þessu og verður verklagi varðandi framboð endurskoðað í framhaldinu. Þá viljum við þakka
Hrönn kærlega fyrir vel unnin stjórnarstörf á undanförunum árum.